

## Tilgangur og gildissvið

Um notkun og meðferð búkmyndavéla (Bodycam), sem og gagna sem verða til af notkun þeirra, gilda [lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, reglugerð um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrlur hjá löggreglu o.fl. nr. 651/2009, lög um persónuvernd og viinsslu persónupplýsinga nr. 90/2018](#) og [lög nr. 75/2018 um viinsslu persónupplýsinga í löggæslutilgangi](#).

Það starfsfólk sem notar búnaðinn ber ábyrgð á honum og að það myndefni sem til verður með upptöku, sé í öllum tilvikum streymt inn á öruggt gagnasvæði löggreglu, DEMS, í samræmi við verklag þetta og meðfylgjandi leiðbeiningar. (Sjá kafla um *úrvinnslu gagna/afritun*)

Reglurnar gilda jöfnum höndum fyrir allt starfsfólk LRH sem notar þennan búnað. Hvað varðar kafla um *umgengni við búnað og úrvinnslu gangna/afritun* þá skal horfa til skipulags hverrar deildar við notkun búnaðarins, en reglurnar/vinnulýsingarnar taka mið að reynslu og verklagi almennu deildar.

## Hlutverk og ábyrgð

Yfirlöggregluþjónn almennu deildar ber ábyrgð á verklagsreglunni, viðhaldi hennar og innleiðingu. Þeir starfsmenn sem að ferlinu koma (eða notkun búnaðarins) bera ábyrgð á að vinna samkvæmt verkferlinum.

## Markmið

Markmið með notkun vélanna er að:

- Afla betri sönnunargagna og auka þannig gæði rannsókna.
- Auka líkur á að bera megi kennsl á brotamenn.
- Minnka líkur á að löggreglumenn verði fyrir aðkasti og árásum.
- Að varpa ljósi á málsatvik þegar ágreiningur er um atvikalýsingu af vettvangi.

## Umgengni við búnað

Upphaf vaktar:

- Varðstjóri hverrar vaktar eða hærra settur tekur ákvörðun um það í upphafi vaktar hvaða löggreglumaður/-menn beri búnaðinn. Viðkomandi löggreglumaður skráir á sig búnaðinn í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar „*Body Camera Reveal RS2-X2*“.(Sjá kafla *úrvinnsla gagna/afritun*)
- Löggreglumaður sem ber búnaðinn gengur úr skugga um það í upphafi vaktar að hann virki og að rafhlaða sé fullhlaðin.
- Varðstjóri gengur úr skugga um að viðkomandi löggreglumaður skrái á sig búkmyndavélina um leið og hann tekur við henni.

Lok vaktar:

- Í vaktarlok skal sá löggreglumaður sem var með búkmyndavél í notkun, tengja vélina við DEMS og færa þannig upptökur sjálfkrafa yfir í vörlukerfið. Vélin fer þá í hleðslu á sama tíma og verður tilbúin til notkunar fyrir næstu vakt / næsta löggreglumann.
- Verði bilun í búkmyndavélabúnaði, skal án tafar senda rafeindadeild búkmyndavél til viðgerðar.
- Varðstjóri hefur eftirlit með að ofangreint sé gert.

## Skráning atviks – upptaka

- Löggreglumaður sem er með myndavél til notkunar á vettvangi skal að jafnaði bera hana framan á sér.
- Löggreglumaður sem búinn er vélinni, ákveður hvort atvik verði tekin upp hverju sinni í samræmi við ofangreind markmið sbr. kafla um *markmið*.

3. Varðstjóri á vakt eða annar yfirmaður getur jafnframt ákveðið hvort lögreglumaður taki upp atvik.
4. Ávallt skal nota búkmyndavélar í útköllum vegna gruns um heimilisofbeldi og/eða þegar um alvarleg atvik er að ræða.
5. Notkun búkmyndavéla kemur ekki í stað hefðbundins vinnulags við skráningu upplýsinga, s.s. notkun minnisbóka.
6. Upptöku skal að jafnaði hefja, gefist til þess ráðrúm og atvik eru með þeim hætti, við lögreglutæki eða þegar gengið er að vettvangi.

### Tilkynningar

1. Tilkynna skal hlutaðeigandi, þeim sem tekinn er upp, um upptöku um leið og mögulegt er miðað við aðstæður hverju sinni. Leitast skal við að tilkynning heyrist á upptöku.
2. Geta skal þess í lögregluskýrslu, ef skýrsla er rituð, að upptaka hafi verið gerð og að hlutaðeigandi hafi verið tilkynnt um hana. Ef vegna aðstæðna á vettvangi var ekki unnt að tilkynna um upptöku, skal þess getið í skýrslu og ástæðum þess.
  - a. Samkvæmt framansögðu er því ekki skilyrði að ávallt sé rituð skýrsla þegar upptaka er framkvæmd. Hinsvegar skal, þegar skýrsla er gerð, geta um upptöku.
  - b. Ef gerð er dagbókarfærsla skal bóka að upptaka hafi farið fram og að hlutaðeigandi hafi verið tilkynnt um hana, sbr. lið 1 og 2.
3. Ef nýta á búkmyndavél til skýrslutöku, skal gæta að tilkynna viðkomandi um réttarstöðu sína, allt samkvæmt [reglugerð nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna](#), yfirheyrlur hjá lögreglu o.fl. og verlagsreglur um upptökur yfirheyrslna nr. V010-2011. Lögreglumaður skal ávallt gæta þess að spyrja um atvik án nærveru óviðkomandi aðila.

### Upptaka í viðkvænum aðstæðum

1. Ef upptaka fer fram á heimili fólks vegna meintra brota, skal gæta að sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs, en þó þannig að atvik máls og helstu atriði er varða sönnun komi fram.
2. Óheimilt er að taka upp líkamsleit þar sem viðkomandi þarf að afklæðast.

### Lok upptöku

1. Á upptöku skal vera ljóst hvenær henni lauk. Það verði gert til að mynda með því að hafa upptöku á þar til komið er í lögreglubfreið og henni ekið á brott af vettvangi.
2. Ekki er heimilt að eyða upptöku. (Sjá þó kafla hér fyrir neðan um *úrvinnslu gagna/afritun*.)

### Úrvinnsla gagna/afritun

1. Allar upptökur hlaðast inn á tilgreindan DEMS hugbúnað á starfsstöð lögreglu. Það skal gerast í síðasta lagi í vaktalok þegar viðkomandi lögreglumaður skilar myndavélinni af sér til varðstjóra. Varðstjóri gætir að því að lögreglumenn geri slíkt.
2. Gögn sem teljast til sönnunargagna skulu merkt þannig í DEMS vörlukerfi lögreglu og geymd í samræmi við [reglugerð um vörsu sönnunargagna](#).
  - a. Viðkomandi lögreglumaður, sem bar myndavélina við upptöku, ber ábyrgð að merkja upptökur sem sönnunargagn. Þegar tiltekið myndskeið er skilgreint sem sönnunargagn þarf að gæta þess að öll önnur myndskeið sem tengjast málínu séu vistuð því samhliða og merkt sem sönnunargagn. Þetta er mikilvægur liður í tengslum við sönnunarfærslu fyrir dómi, komi til þess, sem og

- fagmennsku löggreglu við öflun og varðveislu sönnunargagna. Á meðan ekki er hægt að vista myndskeið í LÖKE þarf að gæta þess að skrá málsnúmer á skrárnar í DEMS vefútgáfu og hlaða niður myndskeiðum. Einnig merkja í Löke númer og annað sem vísar á myndskeiðin í DEMS.
- b. Til sönnunargagna geta t.d. talist upptökur sem sýna aðstæður, atvik eða afskipti:
    - i. vegna refsiverðar háttsemi
    - ii. annarra starfa löggreglu sem gæti kallað á frekari rannsókn eða skoðun, s.s. vegna atvika við handtök
  3. Að öllu jöfnu skal fulltrúi ákærusviðs ákvarða um afritun gagna. Beiðnin fer þaðan til viðkomandi stjórnanda stöðvar eða deildar sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.
    - a. Ef mál er þess eðlis að rétt þykir að afrita gögn strax, svo sem vegna alvarleika máls, þá skal það gert. Varðstjóri/næsti yfirmaður er ábyrgur fyrir því.
      - i. Dæmi um alvarleg mál geta verið þar sem ráðist er á löggreglumenn, þegar löggregla beitir valdbeitingartækjum eða þegar aðili í vörlu löggreglu skaðast.
    - b. Aðallögfræðingur á skrifstofu löggreglustjóra getur jafnframt ákvarðað um afritun gagna ef mál varðar framkvæmd eða störf löggreglu, t.d. mögulega. rannsókn máls á hendur löggreglu og falið starfsmönnum skrifstofu löggreglustjóra afgreiðslu slíkra mála.
  4. Í tengslum við rannsóknir mála er rannsakanda málsins eða stjórnanda á vakt heimilt að kynna sér myndupptöku sem málið varðar. Þá skal horft til að upplýsingar myndefnis séu veigamikill þáttur í sönnunarfærslu, upplýsingagjöf vegna rannsóknarinnar eða yfirheyrslu. Hafi rannsakandi málsins kynnt sér myndupptöku skal það bókað í viðeigandi mál.
    - a. Þegar mál eru í vinnslu sem varða gæsluvorðhald og upptaka í Bodycam er mikilvægt sönnunargagn fyrir ákæranda að sýna dómara, er rannsakanda eða stjórnanda á vakt heimilt að afrita gögnin í þeim tilgangi.
    - b. Númer diska skal skráð í bókun máls auk upplýsinga um hver afritar efnið og í hvaða tilgangi.
    - c. Allt efni sem vistað er á diska eða t.d. USB lykla skal varið með lykilordi ef viðkomandi búnaður bíður upp á slíkt.
  5. Gögn sem hlaðið er niður í samræmi við ofangreint, skulu geymd í 24 mánuði ef ekki er um sönnunargögn að ræða. Að þeim tíma liðnum er þeim sjálfkrafa eytt.
  6. Myndefni sem afritað er skal skrifað á two geisladiska merkta embættinu. Annar leggst við frumgögn málsins og hinn við afrit. Þegar IDES (*Indigo Digital Evidence Server*) er komið í gagnið skal afrita þau gögn sem teljast til sönnunargagna á þann stað og gæta þess að skrá þar jafnframt allar helstu upplýsingar um málið (Málsnúmer, aðilar og fl.). Víast að öðru leyti til verklags löggreglu hverju sinni hvað þetta varðar s.s. varðandi fyrirspurnir nefndar um eftirlit með löggreglu eða rannsókn Héraðssaksóknara, en það kann að breytast í tímans rás.
  7. Afritun gagna er óheimil nema í tengslum við rannsókn máls sbr. framangreint nema ákvörðun verði tekin um annað af aðalvarðstjóra/löggreglufulltrúa, hærra settum eða ákæranda. Bóka skal slíkar ákvarðanir um afritun og ástæður þess undir viðkomandi málsnúmer í málaskrárkerfum löggreglu.
    - a. Afritun myndefnis úr DEMS sætir því samkvæmt framansögðu frekari takmörkunum en upptaka.

#### Aðgangur málsaðila að upptökum

1. Um aðgang að upptökum fer eftir ákvæðum laga hverju sinni. Veita skal eftirlitsaðilum aðgang skv. skýrri lagahemild.
  - a. Ekki skal veita aðgang að upptökum ef rannsókn sakamáls er hafin skv. ákvæðum sakamálalaga nr. 88/2008, nema skilyrði þeirra laga til afhendingar eru uppfyllt.
  - b. Ekki skal veita aðgang að upptökum ef mál eða kvörtun er til meðferðar hjá NEL sem upptakan varðar, vegna mögulegra rannsóknarhagsmunu. Hafa skal samráð við aðallögfræðing áður en veittur er aðgangur að upptökum.
  - c. Ekki skal veita aðgang að upptökum ef mál er til rannsóknar hjá Héraðssaksóknara sem fer þá með forræði málsins. Sama á við ef ákvörðun um niðurfellingu máls er til meðferðar hjá ríkisaksóknara. Undantekningu má gera frá þessu ef framangreindar aðilar telji að rannsóknarhagsmunir standa því ekki í vegi.

2. Upptökur eru ekki afhentar, hvort heldur sem er yfirheyrslur í hljóði og mynd eða upptökur af vettvangi en sakborningi/verjanda er heimilt að koma á löggreglustöð og kynna sér efni þeirra. Ef gögn eru sýnd, skal þess gætt að andlit þeirra sem málið ekki varða, s.s. löggreglumanna eða önnur atriði sem viðkomandi á ekki rétt að sjá, séu „möskuð“ eða blokkuð, en DEMS hugbúnaðurinn býður upp á slíkar lausnir.
3. Ávallt skal hafa samráð við ákæranda um aðgang að gögnum eða upplýsingum.

#### **Viðbótargögn**

Leiðbeiningar frá tölverannsóknardeild LRH um virkni, meðferð/bókun og afritun gagna í myndavéum af gerðinni „*Body Camera Reveal RS2-X2*“.

Dagsetning gildistöku: 6. september 2019  
(*Verklagsreglur um notkun búkmyndavéla (Bodycam)*)

Dagsetning uppfærslu: 29. apríl 2020\*  
(*Verklagsreglur um notkun búkmyndavéla (Bodycam)*)

\*Samhliða útgáfu nýjustu uppfærslu verklagsins fellur eldri útgáfa úr gildi.